



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

sent á nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 4. febrúar 2020

Umsögn Landverndar um tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu Íslands um málefni hafsins, 461. mál.

Landvernd vill þakka flutningsmönnum fyrir ofangreinda tillögu og styður hana heilshugar. Landvernd leggur til að tekið verði fram í tillögunni að í samráðshópnum skuli sitja fulltrúi umhverfisverndarsamtaka.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Landverndar

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri

Nefndasvið Alþingis
Hildur Edwald,
skjalaritari
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 05. febrúar 2020
2020010073/42-1-3
TB
jgo/tb

Tillaga til þingsályktunar um mótun stefnu Íslands um málefni hafsins, 461. mál.

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 23. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu Íslands um málefni hafsins, 461. mál. Í tillögunni er lagt til að Alþingi álykti um að fela forsætisráðherra í samráði við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, umhverfis- og auðlindaráðherra og utanríkisráðherra að setja á fót starfshóp um mótun stefnu Íslands um málefni hafsins, með það að leiðarljósi að Ísland marki sér stöðu sem framsækið ríki þegar kemur að loftslagsbreytingum og verndun og sjálfbærri nýtingu líffræðilegs fjölbreytileika sjávar, bæði hér á landi og á alþjóðavettvangi. Starfshópurinn skili skýrslu með niðurstöðum eigi síðar en 15. apríl 2020.

Náttúrufræðistofnun getur tekið undir að framangreind tillaga nái fram að ganga. Eins og rakið er í greinargerð með tillögunni þarf að móta stefnu um margvíslega þætti sem snúa að vernd og nýtingu þar undir þætti sem snúa að loftslagsbreytingum. Margt af því sem nefnt er í tillögunni fellur bæði undir íslensk lög á ýmsum sviðum nýtingar, náttúruverndar og skipulagsmála en einnig undir alþjóða samþykktir eða samninga. Full þörf er á að móta samræmda stefnu um s.s. þætti sem snúa að loftslagsbreytingum og vernd líffræðilegrar fjölbreytni en nú er einmitt í gangi endurskoðun á framkvæmdaráætlunum um líffræðilega fjölbreytni. Náttúrufræðistofnun er tilbúin til að koma að málinu en bendir á að skil á skýrslu 15. apríl 2020 er líklega full mikil bjartsýni.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar





Náttúruverndarsamtök Íslands

Iceland Nature Conservation Association

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingi við Austurvöll

Reykjavík 7. febrúar. 2020

Tillaga til bingsályktunar um mótun stefnu Íslands um málefni hafsins.
Bingskjal 666 – 461. mál

Náttúruverndarsamtök Íslands telja afar brýnt að íslensk stjórnvöld móti skýra stefnu í málefnum hafsins. Svo hefur ekki verið og stefnumótun afar ógagnsæ.

Náttúruverndarsamtökin vekja sérstaka athygli á því sem flutningsmaður, Guðmundur Andri Thorsson, sagði í framsöguræðu sinni.

Að Ísland vinni gegn hnignun líffræðilegs fjölbreytileika með Aichi-markmiðin að leiðarljósi og taki forystu í fyrrgreindum samningaviðræðum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni í hafinu utan lögsögu ríkja, BBNJ; að fylgt sé fast eftir stefnu Íslands um afnám ríkisstyrkja í sjávarútvegi; að nýtt séu þau tækifæri sem felast í 14. sjálfbærnimarkmiði Sameinuðu þjóðanna um vernd og sjálfbæra nýtingu hafsins, einkum aðgerðir gegn mengun sjávar, þar með talið súrnun vegna aukinnar losunar á koltvísýringi sem eru markmið 14.1 og 14.3, um verndun vistkerfa hafsins og eflingu viðnámsþróttar þeirra sem er markmið 14.2, um verndun fiskstofna sem eru markmið 14.4 og 14.6 og svo að tryggja möguleika fátækari þjóða til efnahagslegrar þróunar sem er markmið 14.7; að Ísland beiti sér fyrir því á vettvangi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, IMO, að bruni svartolíu sem eldsneytis fyrir skip og flutningur olíu á norðurslóðum verði bannaður líkt og IMO hefur samþykkt við suðurheimskautið, þ.e. sunnan 66. breiddargráðu. Það verði enn fremur bannað að flytja svartolíu um norðurslóðir, svæðið norðan við 66. breiddargráðu, en bannið taki þá líka til efnahagslögsögu Íslands. Þá ber að hafa í huga í þessu sambandi að svartolía er gríðarlega eitrad og seigfljótandi skipaeldsneyti sem brotnar afar hægt niður í lífríki sjávar og alveg sérstaklega á kaldari slóðum, í Norðurhöfum. Verði skipsskaði eða sjóslýs gæti það orsakað óbætanlegan skaða á fiskimiðum okkar enda er nánast vonlaust að hreinsa svartolíu úr hafinu. Bruni svartolíu veldur auknum gróðurhúsaáhrifum þegar sótag্নir sem myndast setjast á ís og jökla og dekkja yfirborðið. Þá minnkar endurkast sólarljóssins frá ís og jöklum og þeir bráðna hraðar. Í þessu sambandi er líka full ástæða til að taka til endurskoðunar stefnu Íslands á vettvangi

Alþjóðahvalveiðiráðsins, enda alveg ljóst að barningur undanfarinna áratuga hefur engan árangur borið þrátt fyrir gríðarlega fyrirhöfn og tilkostnað. Ísland endurskoði stefnu sína á vettvangi CITES-samningsins, enda er ljóst að markmið Íslands um að hvalir verði færðir um verndarflokk mun ekki nást í fyrirsjáanlegri framtíð.

Einkum er vakin athygli á „... að Ísland beiti sér fyrir því á vettvangi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, IMO.”

Náttúruverndarsamtökin vekja athygli þingnefndar á svári bréfi Náttúruverndarsamtaka Íslands til utanríkisráðherra, Guðlaugs Þórs Þórðarsonnar, dags. 3. desember 2019 (Viðauki I) og svári utanríkisráðherra til Náttúruverndarsamtaka Íslands, dags. 6. Janúar 2020. (Viðauki II).


Vakinn er athygli á afar sérkennilegu svári utanríkisráðherra við spurningu Náttúruverndarsamtaka Íslands við hvers vegna Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi eigi fulltrúa í sendinefnd Íslands á fundum Sameinuðu þjóðanna um BBNJ.

Ætla verður að meint sérþekking SFS á „... að hvaða marki fiskur og fiskveiðistjórnun falli undir nýja BBNJ samninginn ... “ helgist öðru fremur af áralangri andstöðu SFS við að fiskur falli undir BBNJ samninginn og andstöðu útgerðarmanna við að fiskur geti talist hluti líffræðilegs fjölbreytileika sjávar. Verður það að teljast æði sérkennileg sýn út frá vísindalegu sjónarmiði.

Sú hugmynd utanríkisráðherra að sérþekking SFS á líffræðilegri fjölbreytni sjávar sé svo mikilvæg að fulltrúi þeirra samtaka skuli njóta sérstaks forgangs umfram aðra haggáðila við þátttöku í stefnumótun um framkvæmdasamning undir hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni í hafinu utan lögsögu ríkja stenst engan veginn skuldbindingar Íslands samkvæmt Árósasamningnum.

Náttúruverndarsamtök Íslands telja afar mikilvægt að Alþingi móti stefnu um þessi mál sem grundvallist á vísindalegum forsendum og standist skuldbindingar landsins.

Virðingarfyllst,
f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands,



Árni Finnsson.

Viðauki I

Utanríkisráðherra
Guðlaugur Þór Þórðarson
Rauðarárstíg 25
105 Reykjavík

Reykjavík, 3. desember 2019

Í skýrslu utanríkisráðherra til Alþingis frá maí 2017¹ [segir](#):

Starfandi er samráðshópur ráðuneyta undir forystu utanríkisráðuneytisins sem sinnir stefnumótun, forgangsröðun verkefna, samræmingu fundasóknar ráðuneyta á erlendum vettvangi og samvinnu þeirra varðandi mismunandi viðfangsefni á sviði hafmála. Hópurinn vinnur nú að samræmdri stefnumörkun um málefni hafsins, m.a. varðandi mengun og umhverfisbreytingar, lífríki hafsins og sjálfbæra nýtingu, hafsbotninn, siglingar og ferðaþjónustu, sem og málefni hafsins á vettvangi þróunarsamvinnu.

Í skýrslu utanríkisráðherra² til Alþingis frá apríl 2018 [segir](#):

Samráðshópur þriggja ráðuneyta hefur hingað til unnið að mótun stefnu um BBNJ og mun halda því áfram. Að auki verður sérstök samninganefnd skipuð til að sækja fundi ráðstefnunnar sem fyrirséð er að verði haldnir á næstu árum. Afstaða Íslands hefur verið sú að framtíðarsamningur um BBNJ [framkvæmdasamning undir hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni í hafinu utan lögsögu ríkja] eigi að laga sig að þeim alþjóðasamningum sem til staðar eru á þessu sviði, s.s. hafréttarsamningnum, úthafsveiðisamningnum, samningum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (e. *International Maritime Organisation*, IMO), o. fl. Hinn nýi BBNJ-samningur megi ekki víkja núgildandi samningum til hliðar eða taki yfir efni þeirra og þannig geti t.d. fiskveiðar ekki orðið hluti hins nýja samnings.

Og enn [segir](#) í uppfærðri skýrslu³ utanríkisráðherra til Alþingis frá 30. apríl 2019:

Starfshópur utanríkisráðuneytis, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og umhverfis- og auðlindaráðuneytis mótar stefnu Íslands í viðræðunum og sækir samningafundi

¹ Lögð fyrir Alþingi á 146. löggjafarþingi 2016–2017

² Lögð fyrir Alþingi á 148. löggjafarþingi 2017–2018

³ Lögð fyrir Alþingi á 149. löggjafarþingi 2018–2019.

Náttúruverndarsamtök Íslands óska upplýsinga um hverjir og/eða fulltrúar hvaða samtaka eiga sæti í þessari nefnd sem getið er í þrennum ársskýrslum ráðherra til Alþingis; nefnd sem fer með stefnumótum í málefnum hafsins.

Ennfremur óska samtökin eftir að fá eins fljótt og auðið er upplýsingar um hvort eitthvert samráð hafi farið fram við hagaðila, og þá hverja.

Fram hefur komið að Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi eiga sinn fulltrúa í sendinefnd Íslands á fundum Sameinuðu þjóðanna um BBNJ. Eiga SFS því væntanlega einnig sæti í starfshópnum. Eru SFS eini hagaðilinn sem á sæti í starfshópnum? Ef svo er – hver tók þá ákvörðun og á hvaða forsendum?

Náttúruverndarsamtök Íslands óska eftir að fá svör eins skjótt og auðið er.

F.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands



Árni Finnsson

Afrit: Sjávarútvegsráðherra Kristján Þór Júlíusson
Umhverfis- og auðlindaráðherra Guðmundur Ingi Guðbrandsson

Viðauki II



Náttúruverndarsamtök Íslands
Árni Finnsson,
formaður
Þórunnartún 2
105 Reykjavík

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Rauðarásstígur 25, 105 Reykjavík
Sími: 545 9900, bréfasími: 562 2373
postur@utn.stjr.is, www.utn.stjr.is

Reykjavík, 6. janúar 2020

Tilvísun: UTN20010199/97.B.510; 97.B.560

AJó/--

Vísað er til bréfs samtakanna frá 3. desember sl. til ráðherra. Í erindinu er vísað til texta í þremur skýrslum utanríkisráðherra til Alþingis á síðustu árum og óskað upplýsinga um nefund sem fjallað er um í þeim skýrslum. Nánar tiltekið er óskað upplýsinga um efurfarandi atriði í erindinu:

1. Hverjir og/eða fulltrúar hvaða samtaka eigi sæti í nefnd sem getið er í skýrslunum og fari með stefnumótun um málefni hafslins.
2. Hvort eitthvert samráð hafi verið lagt við hagsðila og þá hverja.
3. Hvort SPS sé eini laugadilinn sem eigi sæti í starfshópnum og ef svo er – hver hafi tekið þá ákvörðun og á hvaða forsendum.

Varðandi lið 1.

Rétt er að taka fram að samráðshópanir sem fjallað er um í þeim skýrslum ráðherra til Alþingis sem vísað er til í erindinu, eru tveir ólíkir samráðshópar.

Í skýrslu ráðherra frá 2017 er verið að vísa í samráðshóp þriggja ráðuneyta; utanríkisráðuneytis, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og umhverfis- og auðlindaráðuneytis, sem m.a. fékkst við samræmingu fyrirsvars Íslands í málefnum hafslins. Sá hópur, samráðshópur um málefni hafslins, var eingöngu skipaður fulltrúum framangreindra ráðuneyta og sátu ekki fulltrúar hagsðila í þeim hópi.

Í tilvísuðum hlutum skýrslna utanríkisráðherra frá 2018 og 2019 er um að ræða annan samráðshóp sömu þriggja ráðuneyta, þ.e. utanríkisráðuneytis, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og umhverfis- og auðlindaráðuneytis, auk fulltrúa Samtaka Fyrirtækja í sjávarútvegi. Eins og kemur fram í skýrslunum er verkefni þess hóps að móta stefnu Íslands í viðræðum og sækja samningafundi um gerð nýs framkvæmdasamnings undir hlífðtalsáunngi Sameinuðu þjóðanna um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni í hafinu utan lögsögu ríka (samningurinn er gjarnan nefndur BBNJ og hópurinn BBNJ-samráðshópur).

Varðandi lið 2.

Fyrstnefndi samráðshópurinn sýnti fyrst og fremst samræmingu á starfi ráðuneytanna sín á milli og samskiptum varðandi það verkefni.

BBNJ-samráðshópurinn hefur hins vegar kynnt BBNJ samningaviðræðurnar á ýmsan hátt út á við, m.a. með opinni ráðslefni á vegum Hafréttisstofnunar Íslands, greintum í blóðunum, upplýsingafundi í MATÍS, fyrirlestrum á samráðsdegi stjórnvalda og Fiskifélagsins, samtölum og samskiptum við fulltrúa fjölda alþjóðastofnana, frjálsra félagsamtaka, ríkjahópa, einstakra ríkja og við einstaklinga um þetta mál og þ.m.t. kallað forsvarsmann Náttúruverndarsamtaka Íslands á fund hjá samráðshópnum. Hvert ráðuneyti um sig sér um að halda sláum starfsmönnum og undirstofnunum upplýstum eftir þörfum.

Varðandi lið 3.

Eini fulltrúinn í BBNJ-samráðshópnum sem starfar utan stjórnsýslunnar er fulltrúi SFS. Eitt mikilvægasta efnisatriðið í samningaviðræðunum fyrir fiskveiðipjóðinu Ísland er spurningin um að hvaða marki fiskur og fiskveiðistjórnun falli undir nýja BBNJ samninginn og hvernig ákvarðanataka á grundvelli hans muni spila saman við íslenska fiskveiðistjórnunar fyrirkomulagið og svæðisbondin fiskveiðistjórnunarsamráð (RFMOs). Í ljósi þess og vegna sérþekkingar þessara samtaka á framangreindum lykilatriðum samningaviðræðnanna telur ráðuneytið mikilvægt að hafa fulltrúa frá SFS í samráðshópnum.

Ráðuneytið þiggur áhuga Náttúruverndarsamtaka Íslands á málefnum sem tengjast BBNJ og undirstrikar þá afskiðu sína að gagnlegt samráð við hagaðila og ábendingar og upplýsingagjöf varðandi þetta mikilvæga viðfangsefni er að sjálfsögðu mikilvægt. Fulltrúi samtakanna er einnig velkominn á fund BBNJ-samráðshópsins ef óskað er eftir.

F.h.r.


Anna Jóhannsdóttir
skrifstofustjóri laga- og stjórnsýsluskrifstofu

Afrit:
Sjávarútvegsráðuneyti
Umhverfis- og auðlindaráðuneyti

Umsögn utanríkisráðuneytis

Vinna hefur verið í undirbúningi í utanríkisráðuneytinu við að uppfæra skýrslu umhverfis-, sjávarútvegs- og utanríkisráðuneytisins um samræmda stefnumörkun Íslands í málefnum hafsins árið 2004. Skýrslan var sú fyrsta sinnar tegundar þar sem tekin var saman á einn stað stefnumörkun, skuldbindingar og áherslur Íslands á þessu mikilvæga sviði.

Í formála að þeirri skýrslu kemur fram að stefnumörkunin var unnin í góðu og árangursríku samstarfi umhverfis-, sjávarútvegs- og utanríkisráðuneytanna á grundvelli ákvörðunar ríkisstjórnar í janúar 2003. Stefnumörkunin var samþykkt af ríkisstjórn Íslands og gefin út í maí 2004. Við gerð stefnumörkunarinnar var haft samráð við önnur viðeigandi ráðuneyti auk hagsmunaaðila og félagasamtaka.